

## MIPIM Minnisblað maí 2014

Kynning á MIPIM ráðstefnunni og möguleika þess að Reykjavík, ásamt samstarfsaðilum, verði með kynningarbás á MIPIM 2015.

### Aðdragandi og undirbúningur

Í nóvember fóru fulltrúar Íslandsstofu ásamt fulltúum Reykjavíkurborgar í heimsókn til höfuðborga Norðurlanda til að kynna sér hvað þessar borgir eru að gera í atvinnuþróunar- og markaðsmálum. Allar þessar borgir taka þátt í MIPIM og hvetja okkur til að taka þátt. Þá hefur Reykjavíkurborg ásamt Íslandsstofu tekið þátt í vinnu með hinum Norðurlöndunum varðandi markaðsmál borga og þar hefur MIPIM þátttaka einnig verið rædd. Við höfðum því undirbúið okkur vandlega.

Reykjavíkurborg efndi, í samstarfi við Íslandsstofu, til kynningarfundar hér heima þar sem 30 aðilar voru boðaðir til að ræða mögulega þátttöku. Þar var ákveðið að fara út og skoða og sjá svo til eftir þá ferð hvað gera skildi.

Samhljómur er á meðal þeirra sem fóru út um að kanna nánar möguleika þess að taka þátt að ári. Á fundi með fulltrúa ráðstefnunnar kom fram að við þurfum helst að svara í lok apríl hvort við verðum með. Það kemur þá í ljós í júní hvort við getum fengið svæði í nágrenni við hinar norðurlandaborgirnar sem er mjög mikilvægt að okkar mati.

### MIPIM

MIPIM er stærsta ráðstefna á sínu sviði í heiminum. Um 25.000 manns sækja þessa ráðstefnu, flestir frá Evrópu, en einnig frá Asíu. Þar á meðal eru 4.300 fjárfestar og 3.000 forstjórar og stjórnarformenn fyrirtækja. Aðilar á MIPIM eru annars vegar að kynna áhugaverð þróunarsvæði til uppbyggingar og hinsvegar að kynna sig sem þróunaraðila. Þetta er einn stærsti vettvangur Evrópu þar sem þróunarhugmyndir í borgum eru kynntar.

Allir básar á ráðstefnunni eru undir merkjum borga. Hver borg fær þá samstarfsaðila til þess að koma með sér og kynna sín verkefni. Á ráðstefnunni kynna borgir ákveðin verkefni og er hugmyndin að laða þannig að fjárfesta. Básarnir eru þó með mismunandi sniði. Í sumum tilvikum eru þetta svæði eða heilu löndin sem standa á bak við bás.

Ráðstefnan snýst ekki einungis um básana heldur eru þarna fjölmargir fundir allt í kring. Þarna er hægt, með góðri skipulagningu, að hitta marga aðila á stuttum tíma. Sem dæmi þá mæta flestir þróunaraðilar í fasteignaþróun og byggingaiðnaði norðurlanda á ráðstefnuna.

Básinn vekur athygli á Reykjavík og jafnvel Íslandi og þeim möguleikum sem þar eru fyrir hendi fyrir alþjóðlega fjárfesta. Aðstandendur nýta sér einnig básinn sem miðstöð sem þeir vinna út frá við að koma sér og sínum verkefnum á framfæri.

Undirbúningur og eftirfylgni er því jafn mikilvægt og vinnan á ráðstefnunni sjálfri. Um er að ræða þrjúþættan tilgang og markmið: (1) Kynna fjárfestingartækifæri á Íslandi. (2) Kynna íslenska aðila á sviði verkfræði, arkitektúr og mannvirkjaframkvæmdum. Íslenskir aðilar í þessum fagsviðum vinna sífellt fleiri verkefni á alþjóðavettvangi. (3) Almenn ímyndarsköpun fyrir landið á nýjum og öðruvísi vettvangi.

Það var samhljómur í viðmælendum okkar að það þjónaði engum tilgangi að koma bara einu sinni og halda úti bás. Það er þess vegna nauðsynlegt þegar horft er á kostnað við þátttöku að horfa á þrjú til fimm ár. Hér er gengið út frá því að aðilar skuldbindi sig til þátttöku í næstu þrjú ár.

### **Undirbúningur og kostnaður**

Gert er ráð fyrir að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg leiði verkefnið. Sjái um utanumhald, boðun funda, gerð samninga, tryggi framvindu og samhæfingu verkefnisins. Sú vinna er ekki metin til kostnaðar. Að sama skapi leggi aðrir þátttakendur fram vinnu sína endurgjaldslaust varðandi fundi og hugarflug ásamt því að leggja fram kynningarefni ef það er til.

Greitt verði fyrir vinnu sem tengist gerð kynningarefnis í þeim tilvikum sem þátttakendur eru að leggja fram sérfræðipækkingu sína. Út frá þessum forsendum er undirbúningskostnaður áætlaður kr. 4 m.kr. Þáttökugjald vegna leigu á bás og reksturs hans á sýningunni 35 m.kr. Innifalið er þáttökugjald fyrir fjóra á ráðstefnunni. Samtals kostnaður er því áætlaður **39 m.kr.**

Samkvæmt skipuleggjendum ráðstefnunnar kostar leiga á bás um 40.000 evrur eða 6,5 milljónir. Þá er miðað við að Reykjavík taki á leigu bás sem er í svipaðri stærð og Helsinki sem er minni en hjá hinum höfuðborgunum sem eru með um 200 fermetra bása. Ef horft er til reynslu Finna af svipaðri stærð bása, en þeir hafa verið þátttakendur í um 20 ár, má ætla að kostnaður vegna básaleigu, hönnunar, uppsetningar flutnings, geymslu, veitinga o.s.frv. sé samtals um 30 milljónir króna. Safnist meira vegna þess að þátttaka verði frá fleiri aðilum en að var stefnt lækkar kostnaður hvers og eins hlutfallslega. Gert er ráð fyrir að kostnaður hvers og eins á ráðstefnunni falli á þátttakendur eftir því sem þeir senda fólk þangað.

### **Þátttakendur**

Þátttakendur skiptist í tvo flokka: Aðilar að básnum og stuðningsaðilar. Aðilar að básnum greiða 3,0 m. kr. hver í verkefnið. Ef við gerum ráð fyrir því að ná ellefu aðilum að básnum þá geta þeir greitt samtals greiði þessir aðilar 30 m.kr. til verkefnisins. Gert verði ráð fyrir að stuðningsaðilar að bás verði að hámarki tíu. Stuðningsaðilar: hver greiði 900.000 kr. inn í verkefnið. Samtals greiða stuðningsaðilar því til verkefnisins 9 milljónir. Mögulegar tekjur inn í verkefnið eru því 39,5 m.kr.

### **Bás Reykjavíkur**

Básar á MIPIM eru nokkuð frábrugðnir því sem þekkist á hefðbundnum vörusýningum. Hér er um fjárfestingarráðstefnu að ræða þar sem gæði hönnunar og uppsetningar eru mun meiri fyrir bragðið. Því er kostnaður við hönnunar- og uppsetningarþáttinn aðeins hærrí en menn eiga að venjast á hefðbundnum vörusýningum. Það er mikilvægt að hafa skýr markmið frá byrjun um hvaða skilaboðum við ætlum að koma á framfæri. Á meðal hugmynda sem hægt væri að kynna á básnum eru:

- Reykjavík: höfuðborgarsvæðið, svæðisskipulag, aðalskipulag, skapandi greinar, líftækni, hugbúnaður, myndlist, tónlist, arkitektúr, hönnun.
- Vatnsmýrin, Reykjavík Science City: háskólarnir, sjúkrahúsið, heilbrigðistækni.
- Græn orka: Hellisheiðin, Esjumelur, gagnaver, Faxaflóahafnir, Grundartangi. Nágrannasveitarfélögin.
- Tækifæri á Stór-höfuðborgarsvæðinu: Reykjanes, Borgarfjörður, Ölfus, Árborg.
- Fjárfestingarverkefni. Kláfur í Esjunni, Perlan, Auga Óðins, Austurbakki, íbúðir og skrifstofubyggingar, hraðlest Keflavík/Reykjavík.
- Fyrirtækin og verkefni sem þau hafa tekið þátt í.
- Norðurslóðir: Stórskiphöfn vegna norðurslóðasiglinga og miðstöð vegna auðlindavinnslu í Grænlandi.
- Staðsetning landsins og stökkpallur til Ameríku og öfugt.
- Fríverslunarsamningur við Kína